

# Lokamót Kæna 2015

29. ágúst 2015

Siglingaklúbburinn Drangey

Keppt verður á Skagafirði í nágrenni Sauðárkróks

## Tilkynning um keppni

### 1. Reglur

Keppt verður samkvæmt:

- a. Kappsiglingareglum ISAF
- b. Kappsiglingafyrirmælum SÍL
- c. Kappsiglingafyrirmælum mótsins

### 2. Auglýsingar

- a. Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt ISAF reglugerð 20 um auglýsingar
- b. Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa að sýna á bátum eða búnaði

### 3. Þátttökuréttur

Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL. Stefnt er að keppni í eftirfarandi flokkum:

- a. Optimist
- b. Laser Radial
- c. Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL

Verði þátttakendur í einhverjum flokki færri en fimm verður sá flokkur hluti af opnum flokki.

### 4. Skráning

Skráningar berist til keppnisstjórnar fyrir kl. 17:00 fimmtudaginn 27.ágúst með tölvupósti á [sil@silsport.is](mailto:sil@silsport.is) Taka þarf fram nöfn keppenda, seglanúmer, bátstegund og félag sem keppt er fyrir. Þó er hægt að skrá allt fram að skipstjórafundi, en þá hækkar þátttökugjald.

### 5. Þátttökugjald

Þátttökugjald á hvern keppanda er kr. 1500.

Gjaldið hækkar í kr. 2.000 ef skráning berst eftir 17:00 þann 27.ágúst

Gjald greiðist á reikning: 0310-26-5405 Kt: 540509-1230 eða við afhendingu keppnisfyrirmæla.

### 6. Tímaáætlun

28. ágúst

Afhending kappsiglingafyrirmæla frá kl. 17:00 – 18:00

29.ágúst:

Skipstjórafundur kl. 9:00

Viðvörðunarkerki fyrir fyrstu keppni kl. 10:25

Ekki verður ræst eftir kl. 16:00

### 7. Kappsiglingafyrirmæli

Siglingafyrirmæli verða afhent fyrir skipstjórafund og verða birt á tilkynningartöflu á mótsstað daginn áður.

### 8. Keppnissvæði

Keppt verður á Skagafirði við Sauðárkrók.

### 9. Keppnisbraut

Keppnisbraut verður annað hvort beiting- lens-beiting braut eða þríhyrningsbraut. Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum.

#### **10. Stigakerfi**

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóða-kappsiglingareglunum.

Ef keppnar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.

#### **11. Verðlaun**

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki.

Einnig verða verðlaun veitt því siglingafélagi sem fær flest verðlaun í öllum flokkum. Lögð verða saman verðlaunasæti hvers félags og það félag sem er með lægstu summuna hlýtur farandbikar.

#### **12. Verðlaunaafhending**

Verðlaunaafhending fer fram í félagsheimili Drangeyjar strax og úrslit verða ljós að lokinni síðustu umferð mótsins.

#### **13. Ábyrgð**

Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, ákvörðun um að keppa. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þátt í framkvæmd mótsins firra sig allri ábyrgð gagnvart tjóni sem kann að verða vegna þátttöku í mótinu.

#### **14. Frekari upplýsingar**

Frekari upplýsingar fást hjá Úlfi Hróbjartssyni með tölvupósti á [sil@silsport.is](mailto:sil@silsport.is).

Siglingaklúbburinn Drangey  
Hólatúni 2 - 550 Sauðárkrók  
Reikn: 0310-26-5405  
Kennitala: 540509-1230